

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 31/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
 gegn

Jóni Gesti Ólafssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Ölvun við akstur. Akstur án ökuréttinda. Hraðakstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. desember 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til staðfestingar á héraðsdómi. Við flutning málsins var gerð krafa um þyngingu refsingar.

Ákærði krefst þess, að refsing verði milduð.

Með hliðsjón af kröfugerð ákærvaldsins í áfrýjunarstefnu eru ekki skilyrði til þess að þyngja refsingu ákærða, sbr. 152. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Er rétt, eins og á stendur, að dómurinn verði staðfestur, en refsíákvörðun héraðsdómara er réttilega miðuð við rof á skilorði reynslulausnar ákærða.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Gestur Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. október 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 21. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í húsakynnum dómsins við Lækjartorg af Sverri Einarsson.

syni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 87/1992: Ákærvaldið gegn Jóni Gesti Ólafssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum á hendur ákærða, Jóni Gesti Ólafssyni, áður að Fífuseli 37, nú að Lindargötu 60 í Reykjavík, fæddum 10. mars 1969, fæðingarnúmer 508.

Með ákæruskjali, dagsettu 11. júní sl., höfðaði ríkissaksóknari mál á hendur ákærða fyrir sakadómi Reykjavíkur „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 26. apríl 1992 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni V 2217 um götur í Reykjavík að Asparfelli 2 og á þeirri leið suður Sæbraut með allt að 100 km hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafla að Skeiðarvogi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og 23. gr., sbr. 32. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Þá höfðaði lögreglustjórinn í Reykjavík mál á hendur ákærða með ákæru, dagsettri 4. september sl., „fyrir að hafa sviptur ökuréttindum ekið bifreiðinni V 2217 um Grandagarð í Reykjavík mánudaginn 27. júlí 1992.

Þetta telst varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Fyrra málinu var ekki lokið, þegar sakadómur Reykjavíkur var lagður niður 30. júní sl., þar sem ekki hafði náðst til ákærða, og fluttist því málið til dómsins samkvæmt bráðabirgðaákvæði 197. gr. laga nr. 19/1991, en málið var þá í höndum Júlíusar B. Georgssonar, aðalfulltrúa við sakadóm Reykjavíkur og nú fulltrúa við héraðsdóminn.

Dómarinn fékk síðara málið afhent 9. september sl. og gaf út fyrirfall um þingfestingu þess 17. september sl., en birting þess tókst ekki, þar sem ekki mun hafa hafst upp á ákærða. Vegna eldra málsins hafði áður verið gefið út fyrirfall um þingfestingu þess 11. september sl. Birting þess tókst ekki heldur, og 17. september sl. fékk dómarinn eldra málið afhent til meðferðar og sameiningar hinu yngra í því skyni, að þau yrðu bæði dæmd sem eitt mál. Var enn gefið út fyrirfall um þingfestingu beggja málanna, sem skyldi fara fram 1. þ. m., en ekki tókst að birta það fyrirfall fremur en hin tvö, þar sem ákærði fannst ekki. Lögreglan náði til ákærða sl. nótt.

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það, sem honum er gefið að sök í ákærunum tveimur og þar er rétt fært til refsíákvæða, en magn alkóhóls í blóði ákærða mældist í fyrra skiptið 1,25‰.

- Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann hlotið eftirgreinda dóma:
- 1987 9/1 24.000 króna sekt fyrir brot á 5. gr. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Svíptur ökuleyfi 18 mánuði frá 8. 9. 1986.
- 1988 12/12 45 daga varðhald fyrir brot á 1. mgr. 37. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga og 248. gr. almennra hegningarlaga.
- 1989 21/6 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, hegningarauki, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.
- 1990 4/12 5 mánaða fangelsi, hegningarauki að hluta, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga og 5. gr., 45. gr. og 48. gr. umferðarlaga. Dómur frá 21. 6. 1989 dæmdur með.
- 1990 4/12 Ekki gerð sérstök refsing fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, hegningarauki.
- 1991 27/5 50.000 króna sekt fyrir brot á 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.
- 1991 26/8 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Svíptur rétti til ökuleyfis ævilangt frá 2. 6. 1990.
- 1991 31/10 3 mánaða fangelsi, hegningarauki að hluta, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn og sprengiefni.
- 1991 13/12 Ekki gerð sérstök refsing fyrir brot á 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Þá hefur ákærði á tímabilinu frá 1. janúar 1988 til 10. febrúar 1990 þrívægis sæst á sektargreiðslu fyrir dómi, tvívægis vegna ölvunar á almannafæri og einu sinni út af ölvunarakstri.

Ákærða var 23. janúar sl. veitt reynslulausn í 174 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar samkvæmt þremur síðastgreindu refsivistardómunum. Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga ber að fella inn í þá refsingu, sem ákærða verður nú ákvörðuð, eftirstöðvar framangreindrar refsingar, en ákærði hefur með þeirri háttsemi, sem hann er nú sakfelldur fyrir, rofið skilorð reynslulausnarinnar. Með hliðsjón af þessu og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi átta mánuði.

Ákærði er þegar svíptur ökuleyfi ævilangt, og þykir bera að áréttá, að svo skuli vera áfram.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Gestur Ólafsson, sæti fangelsi átta mánuði.

Ákærði skal vera svíptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.